

## FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Fimmtudaginn 6. júlí 2006 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 11<sup>00</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Breytingar á samþykkt um stjórn og fundarsköp hreppsnefndar

Tekin var til annarrar umræðu tillaga að samþykktum um stjórn og fundarsköp hreppsnefndar sem var til umfjöllunar hreppsnefndarfundar 28. júní sl.

Hreppsnefndarmenn ræddu tillöguna en hún var síðan samþykkt með áorðnum breytingum.

### 2. Kosning í nefndir, ráð og stjórnir

Eftirtalin voru kosin í atvinnu- og ferðamálanefnd.

Halldór G. Ólafsson, formaður	til vara	Adolf H. Berndsen, varaformaður
Guðmundur Finnbogason	til vara	Steindór R. Haraldsson
Björn Ingi Óskarsson	til vara	Péturína Jakobsdóttir
Guðrún Magnúsdóttir	til vara	Gunnar Halldórsson
Erla Jónsdóttir	til vara	Ingibjörg Kristinsdóttir

### 3. Byggðakvóti

Áður en umræða hófst um afgreiðslu málsins lýstu Halldór og Sigríður sig vanhæf til afgreiðslu málsins. Erla taldi vanhæfi sitt orka tvímælis og var vanhæfi hennar tekið til afgreiðslu þar sem samþykkt var með þremur samhljóða atkvæðum að hún væri vanhæf til afgreiðslu málsins.

Niðurstaða var því að einungis tveir hreppsnefndarmenn væru hæfir á fundinum til afgreiðslu málsins. Hreppsnefnd samþykkti því að fresta afgreiðslu þess og boða til hreppsnefndarfundar mánudaginn 10. júlí nk. þar sem byggðakvóti verði til afgreiðslu.

### 4. Ferða- og kynningarmál

Oddviti kynnti hugmynd um auglýsingar fyrir ferðaþjónustu bæði hugmyndir um útvarpsauglýsingar og uppsetning skilta við þjóðveg nr. 1.

Samþykkt að vinna að auglýsinga og kynningarmálum skv. umræddum hugmyndum.

### 5. Bréf:

a) Styrktarsjóður EBÍ 2006, dags. 27. júní 2006.

Í bréfinu er styrktarsjóðurinn kynntur og gerð grein fyrir hlutverki hans en einnig boðið að senda inn umsóknir um styrki úr sjóðnum. Samþykkt að senda inn umstókn um styrk til merkingar og kynningar á fólkvanginum Spákonufellshöfða.

b) Vaxjö kommun, dags. 20. júní 2006.

Í bréfinu er tekið saman yfirlit yfir þau málefni sem rædd voru á fundi upplýsingafulltrúa sveitarfélaganna á vinabæjamóti sem haldið var í Aabenraa í byrjun júní. Bréfið var til kynningar

c) Íþróttta- og ólympíusamband Íslands, dags. 5. maí 2006.

Bréfið fjallar um samþykktir 68. íþróttabings ÍSÍ sem haldið var 28.-29. apríl sl. og var meðfylgjandi bréfinu ályktanir sem fjölluðu um sveitarfélög og uppbyggingu og rekstur íþróttamannvirkja. Bréfið og ályktanirnar voru til kynningar og samþykkt að vísa þeim til tómstunda- og menningarmálanefndar

d) Kristján Sæmundssonar, Ísor, dags. 7. júní 2006.

Bréfið er greinargerð Kristján Sæmundssonar jarðfræðings hjá Íslenskum orkurannsóknnum á vatnsgæfni í borholum í Hrafnadal og Hallárdal. Í skýrslunni kemur fram áhugi fyrir að frekari rannsóknir verði gerðar á vatnsgæfni á svæðinu. Mikil umræða varð um möguleika sem kynnu að felast í nýtingu grunnvatns af þeim gæðaflokki sem um ræðir.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að leita frekari upplýsinga um tæknileg atriði varðandi vatnsgæfni svæðisins og tæknilegar lausnir á virkjun þess.

e) Jóns B. Gunnarssonar, dags. 8. júní 2006.

Í bréfinu gerir Jón athugasemdir við hundahald í hesthúsabyggðinni. Hreppsnefnd ræddi málið og hundahald almennt og samþykkti að fela sveitarstjóra að vinna að málinu í samræmi við samþykkt um hundahald.

f) Nordlandfuehrer, dags. 23. maí 2006.

Í bréfinu eru sendar upplýsingar um tímaritið Nordlandfuehrer sem ætlað er þýskum ferðamönnum sem hyggjast skipuleggja ferðir til Íslands og boðin auglýsing í ritinu samhliða umfjöllun um Norðurland vestra. Erindinu vísað til atvinnu- og ferðamálanefndar.

g) Grétu Jónsdóttur, dags. 10. maí 2006.

Í bréfinu óskar Gréta eftir auknu landrými við eign sína Laufás til að setja þar upp aðstöðu fyrir smáhýsi í tengslum við námskeið og ráðstefnuhald. Sveitarstjóri greindi frá því að hann hafi nú þegar sett af stað vinnu við skipulag að slíku svæði.

h) Húsafriðunarnefndar ríkisins, dags. 9. maí 2006.

Í bréfinu er greint frá að veittur hafi verið 200 þús. kr. styrkur til að gera úttekt og áætlun um endurbætur á eigninni Ánesi. Bréfið var til kynningar.

i) Soffiu Lárusdóttur, dags. 12. maí 2006.

Í bréfinu beinir Soffía þeim tilmælum til hreppsnefndar að hún beiti sér fyrir úrbótum hvað varðar aðgengi fyrir hreyfihamlaða að opinberum stöðum á Skagaströnd.

Mikil umræða varð um aðgengismál í sveitarfélaginu. Ekki voru gerðar ályktanir vegna málsins en sveitarstjóra falið að svara bréfitara í ljósi umræðunnar.

j) Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14. júní 2006.

Með bréfinu er boðað til 20. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri dagana 27.-29. september 2006.

Bréfið var til kynningar.

k) Bændasamtaka Íslands, ódags.

Með bréfinu eru bændasamtökin kynnt og bent á að sveitarstjórnir geti nýtt sér búnaðarfélög til umsagnar um ýmis mál sem varða skipulag, landnotkunarmál, umhverfismál og afréttarmál.

Bréfið var til kynningar.

## 6. Fundargerðir

Kjörstjórnar Höfðahrepps

Meðfylgjandi fundargerðarbók kjörstjórnar var skýrsla um sveitarstjórnarkosningarnar 27. maí 2006.

Fyrrgreind gögn voru til kynningar.

## 7. Önnur mál

Umókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags. Fyrir fundinum lá umsókn um námsvist barns í leikskóla í öðru sveitarfélagi. Hreppsnefnd samþykkti erindið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 14<sup>30</sup>

Adolf H. Berndsen

(sign)

Sigríður Gestsdóttir

(sign)

Halldór Ólafsson

(sign)

Birna Sveinsdóttir

(sign)

Erla Jónsdóttir

(sign)

Magnús B. Jónsson

(sign)